

Föstudaginn 12. nóvember 1937.

Nr. 20/1937. **H. Benediktsson & Co**  
(Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**Ólafi Ólafssyni, Sigurði Steinsþórs-  
syni, Kristm. Jóhannssyni, Kristjáni  
Bjartmarz og Guðmundi Jónssyni**  
(Enginn).

Staðfesting á dómi í vixilmáli.

*Dómur gestaréttar Reykjavíkur 14. nóv. 1936:* Stefnir, Ólafur Ólafsson, Sigurður Steinþórsson, Kristm. Jóhannsson, Kristján Bjartmarz og Guðmundur Jónsson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum, Hallgrími Benediktssyni f. h. H. Benediktsson & Co., kr. 5000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. febr. 1936 til greiðsludags,  $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun, kr. 15.10 í afsagnarkostnað og kr. 442.10 í málskostnað, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Hinum áfrýjaða dómi höfðu stefndir skotið til hæstaréttar með stefnu útgefinni 25. janúar þ. á., til þingfestingar í maímánuði þ. á., og krafizt breytingar á dómnum. Áfrýjandi gagnáfrýjaði því næst dómnum með stefnu útgefinni 16. marz þ. á., einnig til þingfestingar í maímánuði. Þá er þingfesta skyldi málið, aðalsök og gagnsök, þann 31. maí s. l., var ekki mætt í því af hálfu hinna stefnu, og var þá þessvegna kveðinn upp útvistardómur um aðalsökina. Hinsvegar hélt áfrýjandi, sem stefnt hafði hinum stefndu á löglegan hátt, málinu áfram af sinni hendi, án þess að stefndir hafi síðan mætt. Hefir málið samkvæmt framansögðu verið sótt skriflega, svo sem fyrir er mælt í 1. lið 38. gr. hæstaréttar-

laga nr. 112 frá 1935, og er dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Áfrýjandi hefir gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að stefndir verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi eða meðferð málsins í héraði, er brjóti í bága við staðfestingarkröfu áfrýjanda, ber að taka hana til greina.

Stefndir hafa með frammanfndri áfrýjun sinni veitt áfrýjanda tilefni til áfrýjunar sinnar, og þykir þess vegna rétt að dæma þá til þess in solidum að greiða áfrýjanda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist.

Stefndir, Ólafur Ólafsson, Sigurður Steinþórsson, Kristm. Jóhannsson, Kristján Bjartmarz og Guðmundur Jónsson, greiði in solidum áfrýjanda, H. Benediktsson & Co, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu birtri 17. okt. 1936 af Hallgrimi Benediktssyni f. h. H. Benediktsson & Co hér í bæ gegn Ólafi Ólafssyni lækni, Sigurði Steinþórssyni kaupfélagsstjóra, Kristm. Jóhannssyni, Kristjáni Bjartmarz oddvita og Guðmundi Jónssyni framkvæmdarstjóra til greiðslu vixils, að upphæð kr. 5000.00, útgefins 2. des. 1935 af stefndum Ólafi og samþykkt af Samvinnuútgærðinni Stykkishólmi til greiðslu

í Útvegsbankanum hér í bæ 1. febr. 1936, en á vixli þessum, sem afsagður var sökum greiðslufalls 4. febr. 1936, eru stefndir allir ábekingar og auk þess umbjóðandi stefnanda.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefndir verði in solidum dæmdir til að greiða sér upphæð vixilsins, kr. 5000.00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags,  $\frac{1}{3}\%$  upphæðarinnar í þóknun, kr. 15.10 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málflytningismannafélagsins, kr. 442.10.

Stefndir hafa látið mæta í málinu, en þar eð engum andmælum hefir verið hreyft gegn framangreindum kröfum stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 12. nóvember 1937.

Nr. 75/1937. **Útibú Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum** (Theodór B. Lindal)  
gegn

**skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. þrotabús Jóns Einarssonar og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Endurskoðunarkostnaður samkv. 7. gr. l. 25/1929 eigi talinn til skiptakostnaðar.

*Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyja 22. okt. 1936:* Framangreindur endurskoðunarkostnaður, að upphæð kr. 1060.00, skal greiddur úr þrotabúi Jóns Einarssonar á sama hátt og skiptakostnaður, og skulu kr. 910.39 af framangreindum skiptakostnaði í búinu greiddir af andvirði veðsettra eigna þess.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem hefir, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. júlí þ. á., skotið skiptaréttarúrskurði þeim, er í máli